

Leikskólinn Lundur

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra mat	5
3 Ytra mat	9
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla:	10
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
6 Foreldrasamvinna.....	11
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
8 Fylgigögn.....	12
8.1 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning. Á ekki við.....	12
8.2 Fylgiskjal 2 Skipulagt starf vegna barna með annað.....	12
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs. (Umsögn foreldraráðs berst í okt/nóv 2019)	12
8.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal 2019-2020 Skipulagsdagar eru færðir inn í leikskóladagatal. 12	
8.5 Fylgiskjal 5 - Umbótaráætlun leikskólaárið 2019 – 2020.....	12
8.6 Fylgiskjal 6 - Ytra mat Langtímaplan 2019-2020.	12



Leiðarljós leikskólans:



Leiðarljós:

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmalaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

Einkunnarorð:

Virðing Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

Væntumþykja Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvæg en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið ætíð tilbúið til að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykja og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

Velliðan Velliðan barna í leikskóla er forsemda þess að þau geti notið þess sem þar er boðið upp á, í námi og starfi.

Virgni Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Líkt og undanfarin ár hefur lánið leikið við okkur í Lundi. Flest gekk upp og allt sem mestu máli skiptir. Ekkert vandamál, hvorki lítið né stærra, reyndist óyfirtíganlegt og allir komust heilir heim í lok dags en það er þakkarvert.

Nokkur breyting varð á starfsmannahópnum þar sem þrír starfsmenn fóru í fæðingarorlof og tveir fluttu utan. Aðrir tveir leituðu ævintýra annarsstaðar. Það er ósk okkar að öllum farnist þeim vel á nýjum slóðum. Því er þó ekki að neita að þeir sem heima sátu þurftu heldur betur að láta hendur standa fram úr ermum. Vissulega kom nýtt fólk í stað þeirra sem eru fjarverandi eða hættu en það tekur tíma að komast inn í starfið. Við þessar kringumstæður er gott að vera með hæfa einstaklinga sem hafa starfað lengi í Lundi og vinna af öryggi og fagmennsku undir álagi. Þetta eru konurnar með fallega brosið, mjúku röddina og hlýja faðminn sem þær breiða á móti ungu nemendunum. Á því andartaki líður foreldrunum betur og börnin skynja að allt verður gott og gráta bara til málamynda.

Talsverð þróun hefur verið innan leikskólans. Dagskipulagið hefur verið endurskoðað með tilliti til meiri sveigjanleika og börnin hafa því enn meira val. Leiksvæði barnanna hefur stækkað og það er ánægjulegt að heyra barnsraddirnar hljóma beggja vegna vagnageymslanna. Lífið teygir anga sína um húsið og það breytist í þann töfraheim sem leikskólar eiga að vera. Þar eru skógar fullir af dýrum, þar er eldhúsið heima með sjóðandi bullandi pottum og pönnum, að ógleymdum stórvirkum vinnuvélum sem moka í burtu öllu því sem fyrir verður. Þessir leikir eru gjörningar án óhreininda ólíkt því sem gerist þegar hann færir út á útivistarsvæðið.

Fólki líður alla vega þegar rignir en grámóskan, sem jafnan fylgir rigningunni, hverfur eins og fyrir töfra þegar börnin kjaga út í litskrúðugum stígvélum og pollagöllum með skóflu og fötu. Ef þau eru heppin er jarðvegurinn bæði gljúpur og rakur. Andlit barnanna lýsast upp þegar þau beygja sig niður og grafa litla holu sem fyllist af vatni. Þau safna vatninu í skófluna og rísa upp aftur. Það krefst mikillar einbeintni að hella úr skóflunni í fötuna. Ekki einn dropi skal fara til spillis. Það bregður jafnvel fyrir brosi á andlitum hinna fullorðnu sem fylgjast með en fullorðnir taka oftast lit af veðrinu og verða því glaðari sem sólin skín heitar. Þvílík veðurbliða stynja þeir sem eru eldri en tvævetur og muna vart aðra eins veðursæld dag eftir dag hér sunnan heiða. Börnin snúa sér hins vegar að öðrum viðfangsefnum sem náttúran býður upp á í svona veðri. Af verkefnum er jú alltaf nóg og nemendurnir í Lundi eru bæði fróðleikspyrstir og duglegir að safna í reynslubankann sinn.

Í Lundi er talað um að börnin sem kveðja séu orðin fleyg. Á þessu leikskólaári eru það nemendur fæddir 2017 og hluti af nemendunum sem fæddir eru 2018 sem takast á við annað skólastig á nýjum slóðum. Það er bæði með miklu þakklæti og eftirsjá sem starfsfólk Lundar kveður þau og fjölskyldur þeirra.

Nú tekur við leikskólaárið 2019 – 2020 með nýjum meisturum sem fæddir eru 2018 og 2019, ásamt foreldrum þeirra og stórfjölskyldu. Þessi börn munu líka njóta breiða brossins, hlýja faðmlagsins og mjúku raddarinnar sem huggar þau í fjarveru foreldranna en furðu fljótt hljóðnar gráturinn og augu þeirra opnast fyrir óteljandi möguleikum leikskólalífsins.

Valgerður H. Valgeirsdóttir, leikskólastjóri



2 Innra mat

Þrátt fyrir að ekki sé farið fram á greinargerð vegna innra starfs deildarinnar á leikskólaárinu þá veljum við að skrifa hana þar sem hún gefur betra yfirlit yfir starfsemi leikskólans. Foreldrar barnanna í Lundi fá starfsáætlunina til yfirlstrar og þeirra vegna er þessi leið farin.

Aðlögunin

Tekið verður á mót 35 börnum frá ágúst og fram í desember 2019

Það sem helst er lögð áhersla á þegar aðlögun á sér stað, og raunar alltaf, er andrúmsloftið innan veggja leikskólans, en um einnar deildar leikskóla er að ræða. Þar viljum við hafa öruggt, rólegt og afslappað leikskólaumhverfi. Þetta eru ekki einföld markmið og stundum er erfitt að ná þeim árngri sem sóst er eftir að minnst kosti fyrstu vikunar, en það hefst nú samt. Nemendur Lundar eru ungir og flest ef ekki öll að feta nýjar slóðir í fyrsta skiptið. Eðlilega láta þau vel í sér heyra á meðan þau eru að lesa í umhverfið og aðlagast leikkólanum. Smám saman færast ró yfir allt og alla.

Þemun í Lundi

Hin árlegu þematímabil liðu ljúflega í gegnum starfið. Þemun eru ætíð hin sömu.


Haustþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur
Jólaþema	Umfjöllunarefni	Jól og áramót
Vetrarþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur og nánasta umhverfi mitt
Vor- og sumarþema	Umfjöllunarefni	Ég sjálf/ur og náttúran

1. Aukin kennsla þula og ljóða:

Ekki hefur tekist að finna það rúm sem þarf innan dagskipulagsins til þess að kennslan gangi upp til samræmis við Námskrá Lundar (bls 16) og Aðalnámskrá leikskóla, 2012 (bls. 42) og (Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar, starfshópur, 2013)

Tækifæri til umbóta:

Skipuleggja hópastarfið þannig að ákveðnum tíma innan skipulagsins verði varið í kennslu þula og ljóða á þann veg sem lagt er upp með í námskrá Lundar þ.e innan tónlistar og sköpunar. Í hópastarfinu eru börnin færri og auðveldara er að nýta líkamann sem kennslu og námstæki í tónlist og sköpun.



2. Aukið lýðræði og sjónarmið barnanna :

Í ráði var að halda barnafundi í Lundi og vinna þannig að auknu lýðræði í leikskólanum og til samræmis við Námskrá Lundar (bls 9) og Aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis.(bls.35) Vandinn sem við er að glíma er sá að börnin eru ung og þau hafa ekki tungumálið á valdi sínu fyrr en um það leyti sem þau kveðja leikskólann. Hins vegar hefur verið bent á að börnin hafa fleiri mál á valdi sínu og við þurfum að finna þau sem virka fyrir þennan aldurshóp.

Tækifæri til umbóta:

Leitað var leiða til þess að bæta um betur og finna aðferð sem hentaði hverjum aldurshópi. Sú hugmynd kviknaði að koma upp annars konar vali. Börnunum er boðið að velja á milli ýmissa leikfanga (s.s pensla, bíla, bolta) þegar þau velja sér svæði og viðfangsefni. Það er auðveldara fyrir þau að tengja þrívíða hluti en myndir við verkefni. Þau læra líka orðin sem tengjast hlutunum.

3. Þróun hlutverkaleiksins:

Unnið var að þróun hlutverkaleikjarins. Ýmislegt hefur verið reynt án þess að árangurinn stæði undir væntingum okkar. Nú hefur fundist lausn á þeim hindrunum sem helst stóðu í veginum. Settir voru upp snagar þar sem plássfrekir bílar og dúkkukerrur geta hangið án þess að taka af dýrmætu plássi sem nýtt er í annað. Færð eru til borð og opnað á milli borðstofu og leikherbergjanna Þrastalundar og Spóalundar. Þar skapast fínt pláss til þess að keyra bíla og kerrur og hægt er að stofna heimili undir teppayfirbreiddum borðum. Námskrá Lundar (bls. 12-30) Aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytis (bls 37) Þessari aðgerð átti að ljúka í maí 2019 og það tókst nema annað komi í ljós á komandi leikskólaári.

4. Auka vægi skoðana barnanna og lýðræðis í leikskólanum:

Þessi punktur verður tekinn samhliða punkti númer 2, hér að ofan, um að fá fram sjónarmið barnanna en punktur númer 2 og númer 4 varða nánast sama þáttinn.

5. Myndaalbúm:

Undanfarin ár hefur verið óskað eftir því við foreldra að að þeir komi með fjölskyldumyndaalbúm handa börnum sínum. Þetta var gert til að auka enn öryggi barnanna og hjálpa til við tengslamyndun barna og starfsfólks, stuðla að auknum orðaforða barnanna



og félagsþroska þeirra til samræmis við Námskrá Lundar, (bls.26) Mennta- og menningarmálaráðuneyti (bls. 32).

Tækifæri til umbóta:

Enn hefur þetta ekki tekist eins og vonast var til en leitað verður annarra leiða sem bera þann árangur sem sóst er eftir.

6. Jafnréttismál:

Það er jafnrétti í Lundi og þannig á það að vera. Sjálfsagt er þó að hafa samræðu um jafnrétti lifandi og sívirka.

7. Öryggismál:


Öryggi barnanna í Lundi er ætíð í hávegum haft í samræmi við Námskrá Lundar. Annað hvert ár kemur forvarnarfulltrúa til þess að halda námskeið fyrir starfsfólkið en á þessu ári verður skerpt á forvörnum í leikskólanum. Höfð verður til hliðsjónar Handbók um velferð og öryggi barna í leikólanum. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014) og Öryggishandbækur leikskólans.

8. Umbótaþættir innra mats 2019 – 2020:

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð-araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka kennslu þula og ljóða:	Kenna börnunum þulur og ljóð.	Taka frá fastan tíma í hópastarfi til kennslunnar.	Verkefni er nú þegar hafið og áætluð lok 2021	Stjórnarteymi Starfsfólk	Símat á áhuga og ánægju barnanna.	Börnin sýna áhuga og ánægju þekki þulur og ljóð sem lögð hafa verið fyrir þau.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð-araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fá fram sjónarmið barnanna og auka vægi skoðanna þeirra:	Auka lýðræðið í Lundi og færa starfið til frekara samræmis við Námskrá Lunda og Aðalnámskrá Mennta- og menningar-ráðuneytis	Leitað verður leiða til þess að þróa aðferðir sem henta hverjum aldurshópi.	Verkefnið er nú þegar hafið og áætluð lok 2021	Stjórnar-teymi	Með áhuga og virkni starfsmanna og virkni barnanna.	Öruggari, virkari og glaðari börn.
Jafnrétti	Að innan Lunda ríki jafnrétti. Með áherslu á: Jafnrétti milli starfsmanna.	Að jafnréttismál séu stöðugt í umræðunni	Hefst mars 2020 til Mars 2021	Stjórnar-teymi	Símat. Rýnt í málefnið á starfsmanna-fundum	Allir starfsmenn eru sér meðvitaðir um jafnréttis- og mannréttindamál og sú þekking birtist í starfinu.
Forvarnir	Skerpa á forvörnum innan leikskólans Með áherslu á: <ul style="list-style-type: none"> - matartíma - hvíldartíma - bleiuskipti 	Farið verður í gegnum: <ul style="list-style-type: none"> - Öryggishandbók Mennta- og menningamála-ráðuneytis frá 2014. - Forvarnar- og öryggishandbækur Lunda. - Fræðsla utanaðkomandi fagaðilja. 	Byrjar í nóv. 2019 Til nóv. 2020	Forvarnar- og öryggis-teymi Lunda.	Með umræðum og athugunum.	Öruggir og fumlousir starfsmenn sem eru fljótir að greina atvik sem gætu skapað hættu í Lundi.



3 Ytra mat

- **Skóla- og frístundasvið:** Tölfræði- og rannsóknasvið kom í reglubundið eftirlit. Fyrir eftirlitið hafði leikskólastjóra verið sendur spurningalisti sem hann svaraði samviskulega. Engar athugasemdir voru gerðar.
- **Heilbrigðiseftirlit:** Heilbrigðiseftirlitið kom í árlegt venjubundið eftirlit. Engar athugasemdir voru gerðar við húsnæði eða búnað Lunda.
- **Eldvarnareftirlit:** Eldvarnareftirlitið kom í árlegt venjubundið eftirlit. Skipta þurfti um perur í tveimum leiðarlýsingum. Úr því var bætt strax. Aðrar athugasemdir voru ekki gerðar.
- **Umbótaráætlun 2019 – 2020:** sjá Fylgigögn fylgiskjal nr. 5
- **Ytra mat Langtímaplan 2019-2020:** sjá Fylgigögn fylgiskjal nr. 6



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla:

Starfsþróunarsamtöl verða tekin í febrúar/mars.

Nýttur verður til undirbúnings samtalsins viðtalsrammi fyrir einstaklingsviðtal úr *Leiðbeiningum um innra mat Leikskóla*.

Hver starfsmaður fær í hendur til undirbúnings fyrir samtalið:

- Aðalnámskrá leikskóla, 2011.
- Námskrá Lundar.
- Starfsáætlun Lundar.
- Námsvísi Lundar.
- Forvarnar- og öryggishandbækur Lundar.

Fræðsla leikskólaárið 2018-2019

- Fagnámskeið um innra starf í leikskólanum.
- Sótt var námskeið um innra mat í leikskólum á vegum SFS.
- Starfsmaður sótti fagnámskeið 2.
- Upprifjun á öryggismálum leikskólans.
- Leikskólaheimsóknir.

Áætlun um fræðslu leikskólaárið 2019-2020:

- Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna heldur námskeið í forvörnum, slysa og öryggismálum með sérstaka áherslu á ung börn í leikskólum.
- Námskeið um uppeldisfræðilegar skráningar í leikskólum.
- Hvað hefur SFS upp á að bjóða?
- Sjá og upplifa hvað aðrir leikskólar eru að gera.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á ekki við.

6 Foreldrasamvinna

Í Námskrá Lundar er kafli sem heitir Leikskólinn og fjölskyldan, á bls. 26 til 29. Í honum er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamvinnu.

Foreldraráð

Vegna sérstöðu Lundar sem ung barnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti.

Foreldrakjör fer fram á hverju leikskólaári.

- Þrír fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11. gr. laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá 2 viðtöl á leikskólaárinu

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá fylgiskjal. 4.



8 Fylgigögn

- 8.1 Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning.
Á ekki við
- 8.2 Fylgiskjal 2 Skipulagt starf vegna barna með annað
móðurmál en íslensku. Á ekki við
- 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.
(Umsögn foreldraráðs berst í okt/nóv 2019)
- 8.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal 2019-2020
Skipulagsdagar eru færðir inn í leikskóladagatal.
- 8.5 Fylgiskjal 5 - Umbótaráætlun leikskólaárið 2019 – 2020.
- 8.6 Fylgiskjal 6 - Ytra mat Langtímaplan 2019-2020.

F. h. leikskólans Lundar

Valgerður H. Valgeirsdóttir

Staður og dagsetning

leikskólastjóri



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?		
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum		
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?		
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?		
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?		
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)		
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?		
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?		
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?		
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?		
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?		Ef já þá hvaða aðrar stofnanir
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?		
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?		



Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi		
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)		
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?		
Er fylgst með framförum barnanna?		
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun		

Niðurstöður innra mats



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.





Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: **Leikskólinn Lundur**

SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	
1. S	1. Þ. Haustþema hefst	1. F	1. S. Fullveldisdagurinn	1. M. Nýársdagur	1. L	1. S	1. M	1. F. Verkalífdagurinn	1. M. Annar í hvítasunnu	1. M. Skil á starfsættun	1. L	
2. M	2. M	2. L	2. M. Jólþema hefst	2. F	2. S	2. M	2. F	2. L	2. Þ. Foreldraviðtöl	2. F. Sumarlokun	2. S	
3. Þ	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. M	3. Þ	3. F. Fréttabréf	3. S	3. M. Foreldraviðtöl	3. F. Sumarlokun	3. M. Fridagur verslunarmanna	
4. M	4. F	4. M	4. M	4. L. Þrettándin	4. Þ	4. M	4. L	4. M	4. F. Foreldraviðtöl	4. L	4. Þ. Skipulagsdagur	
5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S. Jólþema lýkur	5. M	5. F	5. S. Pálmasunnudagur	5. Þ	5. F. Foreldraviðtöl	5. S	5. M	
6. F	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F. Dagur leikskólans	6. F	6. M	6. M	6. L	6. M. Sumarlokun	6. F	
7. L	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F. Leikskólaráðsleifun Dagur Starðráðgjafnar	7. L	7. Þ	7. F. Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinna	7. S. Stjórnadagurinn	7. Þ. Sumarlokun	7. F	
8. S. Dagur læsis	8. Þ	8. F. Baráttudagur gegn einelti	8. S	8. M	8. L	8. S	8. M	8. F. Stjórnarfundur	8. M	8. M. Sumarlokun	8. L	
9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F. Skírdagur	9. L	9. Þ	9. F. Sumarlokun	9. S	
10. Þ	10. F	10. S	10. Þ	10. F. Fréttabréf	10. M. Starfsmannaviðtöl	10. Þ	10. F. Fréttudagurinn langi	10. S	10. M	10. F. Sumarlokun	10. M	
11. M	11. F. Námskeiðsdagur leikskólans	11. M	11. M	11. L	11. Þ. Starfsmannaviðtöl	11. M	11. L	11. M	11. F. Starfsmannafundur	11. L	11. Þ	
12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. M. Starfsmannaviðtöl	12. F	12. F. Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinna	12. S. Þlekadagur	12. Þ	12. F. Stjórnarfundur	12. S	12. M
13. F	13. S	13. M	13. F	13. M. Vetrarþema hefst	13. F. Starfsmannaviðtöl	13. F	13. F. Stjórnarfundur	13. M. Annar í þlékum	13. M	13. M. Sumarlokun	13. F. Samráð leikskólans	
14. L	14. M	14. F	Starfsmannafundur endurmat	14. L	14. Þ	14. F. Starfsmannaviðtöl	14. L	14. Þ. Skipulagsdagur	14. F	14. S	14. Þ. Sumarlokun	14. F
15. S	15. Þ	15. F. Skipulagsvinna	15. S	15. M. Samráð leikskólans	15. L	15. S	15. M	15. F. Foreldraviðtöl	15. M	15. M. Sumarlokun	15. L	
16. M. Dagur íslenskrar náttúru	16. M. Samráð leikskólans	16. L. Dagur íslenskrar tungu	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. F. Sumarlokun	16. S	
17. Þ	17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. M. Starfsmannaviðtöl	17. Þ	17. F. Sóni innriunar dagurinn	17. S	17. M. Ljóbeldisdagurinn	17. F. Sumarlokun	17. M	
18. M. Samráð leikskólans	18. F	18. M	18. M. Samráð leikskólans	18. L	18. Þ. Starfsmannaviðtöl	18. M. Samráð leikskólans	18. L	18. F. Foreldraviðtöl	18. F. Samráð leikskólans	18. L	18. Þ	
19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. M. Starfsmannaviðtöl	19. F	19. S	19. Þ. Foreldraviðtöl	19. F	19. S	19. M	
Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	Starfsmannafundur endurmat	
20. F. Skipulagsvinna	20. S	20. M. Samráð leikskólans	20. F. Dagur mannvæðinga barna	20. M	20. F. Starfsmannaviðtöl	20. F. Vetrarþema lýkur	20. M	20. M. Foreldraviðtöl	20. L	20. M. Sumarlokun	20. F. Skipulagsvinna	
21. L	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F. Starfsmannaviðtöl	21. L	21. Þ	21. F. Barnamenningarhátíð	21. S	21. Þ. Sumarlokun	21. F	
22. S	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. L	22. S	22. S	22. M. Barnamenningarhátíð	22. M	22. M. Sumarlokun	22. L	
23. M	23. M	23. L	23. M. Þorláksmessa	23. F. Leikskólagjörfundur	23. S. Skrudagur	23. M	23. F	23. F. Barnamenningarhátíð	23. L	23. F. Sumarlokun	23. S	
24. Þ	24. F. Leikskólagjörfundur vetrarþem í grunnskóla	24. S	24. Þ. Þingfangadagur jóla	24. F. Starfsmannafundur Endurmat Skipulagsvinnu	24. M. Bóndadagur	24. M	24. F	24. F. Barnamenningarhátíð	24. S	24. M. Sumarlokun	24. M	
25. M	25. F. Vetrarþem í grunnskóla	25. M	25. M. Jóladagur	25. L	25. Þ. Sprengidagur	25. M	25. L	25. M. Barnamenningarhátíð	25. M. Foreldraviðtöl	25. F. Leikskólagjörfundur	25. Þ	
Leikskólagjörfundur Evrópski tungumáladagurinn	26. L. Fyrsti vetrardagur	26. Þ	26. F. Annar í jólum	26. S	26. M. Óskudagur	26. F	26. F. Leikskólagjörfundur	26. S	26. F. Barnamenningarhátíð	26. F. Foreldraviðtöl	26. M	
27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. F. Leikskólagjörfundur	27. M	27. M. Foreldraviðtöl	27. L	27. M. Sumarlokun	
28. L	28. M. Vetrarþem í grunnskóla	28. F. Haustþema lýkur	28. L	28. Þ	28. F	28. L	28. F	28. F. Leikskólagjörfundur	28. S	28. Þ. Sumarlokun	28. F. Námskeiðsdagur	
29. S	29. Þ	29. F. Fréttabréf	29. S	29. M	29. L	29. S	29. S	29. M. Starfsmannafundur	29. M. Foreldraviðtöl	29. M	29. M. Sumarlokun	
30. M. Fréttabréf	30. M. Starfsmannafundur	30. L	30. M	30. F	30. M	30. M	30. F. Leikskólagjörfundur	30. L	30. F. Stjórnarfundur	30. F. Sumarlokun	30. S	
	31. F. Stjórnarfundur		31. Þ. Gamlársdagur	31. F. Stjórnarfundur		31. Þ		31. S. Hvítasunnudagur		31. F. Sumarlokun	31. M. Skipulagsdagur	

Fylgiskjal 5

Umbótaáætlun 2019-2020

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaráætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 5) Máltaka og málþroski	Að styðja við mátöku og málþroska barnanna.	Aukin áhersla á frásagnir í samverustundum og hópastarfi með þáttöku barnanna sjálfr	Hafið Lokið 2020	Stjórnendateymi	Með Viðmiðum og vísbendingum SFS	Aukin þátttaka og gleði barnanna í samverustundum og hópastarfi.
Umhverfisnám Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaráætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 5) Sköpun	Að ferli sköpunar verði viðurkennt sem jafn mikilvægt og afurðin.	Litrík listaverk í boði barnanna skreyta nú útisvæði barnanna en heimssýn barnanna skilar sér inn í listsköpunina.	Hafið og lokið 2020	Stjórnarteymi	Viðmið og vísbendingar SFS	Endurskoðað hefur verið vinnulag sem lagði of mikla áherslu á endanlegt útlit afurðarinnar.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Námsumhverfi barnanna (svið 2, Umbótaráætlun <i>Uppeldis- og menntastarf</i> , bls. 7) Umhverfisnám	Aukin þekking barnanna á viðfangsefninu og aukin umhverfisvitund þeirra.	Útinám var tekið upp og skipulagt í hópastarfi. Haldið verður áfram að auka færni starfsfólksins á umhverfisnámi.	Hafið Lokið 2020	Stjórnendateymi	Með Viðmiðum og vísbendingum SFS	Aukinn áhugi barnanna á útiveru og meiri þekking á útileiksvæðinu og nánasta umhverfi.
Námsumhverfi barnanna (Svið 2 Umbótaáætlun <i>Uppeldis og menntastarf</i> , bls 8) Menning	Aukið menningarlíf í Lundi.	Reynt var að fá Brúðubílinn í heimsókn en tókst ekki. Leitað verður áfram að aðilum sem taka að sér að skemmta svo ungum börnum.	Júlí 2019 Júlí 2020	Leikskólastjóri	Viðmið og ísbendingar SFS júlí 2020	Gleði og áhugi barna og fullorðinna.

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stjórnun (Svið 1 Umbótaáætlun, <i>Uppeldis- og menntastarf,</i> <i>bls 3)</i> Samskipti/hvatning.	Að leikskóla- kennarar og annað starfsfólk sé stöðugt að auka gæði náms og starfs.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur hvetja starfsmenn til góðra verka.	Hafið og lýkur í sept. 2020	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur.	Rýnt í málið á starfsmanna- fundi í ágúst 2020	Starfsmenn finna að starf þeirra er metið og þeir geta reitt sig á leiðbeiningar þeirra sem hafa meiri þekkingu en þeir sjálfir.
(Svið 2 Umbótaáætlun <i>Uppeldis og menntastarf,</i> <i>bls 10)</i> Skráningar.	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki.	Stefnt að því að fá fyrirlesara með fræðslu og leiðbeiningar um uppeldisfræðilegar skráningar.	Júlí 2019 til Júlí 2021	Leikskólastjóri	Endurmetið í síðasta lagi í júlí 2021	Aukin færni starfsfólks til skráninga.

Fylgiskjal 6

Langtímaplan leikskólaárið 2019 - 2020

Ytra mat.

Í Lundi er starfandi matsteymi sem í sitja leikskólastjóri, faglegur stjórnandi og starfsmannastjóri. Þeir vinna ýmist saman að matinu eða skipta því með sér. Matsteymið sér um að kynna umbæturnar fyrir starfsfólki, sér um að þeim sé sé framfylgt og gerir nýjar áætlanir. Til viðmiðunar nýtir matsteymið sér:

- Viðmið og vísbendingar, útgefinn af Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 2014.
- Aðalnámskrá leikskóla, útg. Af menntamálaráðuneyti 2011,
- Námskrá leikskólans Lundar,
- Leiðbeiningar um Innra mat leikskóla, unnið af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
--------------	-----------	-----------	-----------	-----------

Stjórnun

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi				X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur				X
Faglegt samstarf				X
Leikskólaþróun og starfsþróun	X			
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X

Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X		X	
Námsvið leikskólans	X			x
Leikskóli án aðgreiningar				X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X

Mannauður

Hlutverk leikskólakennara		X		X
Fagmennska starfsfólks			X	
Starfsánægja	X			X

Leikskólabragur

Viðmót og menning				X
Velferð og líðan barna	X	x	x	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun				X
Viðhorf foreldra				x

Innra mat

Framkvæmd				X
Gagnaöflun og vinnubrögð				X
Opinber birting og umbætur				X

Gagnaöflun og greining.

- Á ári hverju fer matsteymi Lundar í gegnum námskrá leikskólans og starfsáætlun og ræðir þáverandi stöðu leikskólans út frá þeim áætlunum sem þar eru gerðar. Stuðst er við *Viðmið og vísbendingar* við matið. Á starfsmannafundum eru skráningar og niðurstaða kynnt fyrir starfsmönnum.
- Börnin í Lundi eru ung og aðeins þau elstu eru farin að tjá sig með tali. Á þau er hlustað en fylgst er með öllum börnunum, ánægju þeirra og gleði, óánægju og leiða. Út frá þessum þáttum er lesið í aðstæður, erum við á réttari leið eða ekki.
- Starfsmenn Lundar eru hvattir til þess að koma með ábendingar til leikskólastjóra um það sem betur mætti fara í starfinu/skipulaginu og í kjölfarið er málið skoðað ofan í kjölinn og annað tveggja gert að breyta því sem breyta þarf eða benda viðkomandi á aðra leið sem betur reynist í starfinu.
- Starfsmenn eru hvattir til þess að ræðast við og benda hver öðrum á það sem betur mætti fara og hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Í foreldraviðtölum eru foreldrar spurðir um velferð og líðan barna þeirra.
- Í starfsmannaviðtölum eru viðhorf starfsmanna og gengi þeirra í starfinu rædd. Nýttir eru gátlistar frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*
- Á starfsmannafundum er innra mat rætt. Þyki ástæða til og reynist breytingar ekki til bóta er lagt fyrir að finna aðra leið og færari.
- Allar tillögur starfsfólks eru vel þegnar og greindar. Þegar umbætur eru metnar og forgangsraðað er notað greiningartækni frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.

A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Ef þessi skali er notaður þá gætu allar vísbendingar sem fá einkunina A talist til styrkleika en C og D þarfnast umbóta.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Stjórnun					
Námskrá Lunda, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Endurskoðun Námskrár Lunda með tilliti til hugsanlegra breytinga laga og reglugerða.	Námskrá Lunda stenst Aðalnámskrá leikskóla, Lög og reglugerðir Mennta- og menningar- málaráðuneytis og Skólastefnu Reykjavíkurborgar.	<ul style="list-style-type: none"> Aðalnámskrá Mennta- og menningarráðun. Barnaverndarlög Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Skólastefna Reykjavíkurborgar Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólanum. 	Hefst 2019 Lýkur ágúst 2020	Leikskólastjóri
Uppeldis- og menntastarf					
Skipulag náms og námsaðstæður.	Með auknum námstækifærum barnanna og sveigjanleika starfsfólks og innan húsnæðis.	Í Lundi er gott og samþætt námsumhverfi sem styður við og örvar alhliða þroska barnanna.	<ul style="list-style-type: none"> Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis, Skólastefna Reykjavíkurborgar Námskrá Lunda Með samræðum 	Gagnaöflun og greiningu lokið í júní 2020	Matsteymi/ Stjórnarteymi
Uppeldi menntun og starfshættir	Skapa aukið svigrúm vegna hreyfiparfar barnanna í leik og samskiptum.	Í Lundi fá börnin viðfangsefni við hæfi og stuðning við námshvöt sem birtist í sjálfsprottum athöfnum og áhuga.	<ul style="list-style-type: none"> Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis, Skólastefna Reykjavíkurborgar Námskrá Lunda Með samræðum Viðbrögðum barnanna. 	Hefst í okt/nóv. 2019 og verður lokið í júní 2020.	Matsteymi og stjórnarteymi.
Mat á námi og velferð barna.	Sitja allir við sama borð í Lundi Tryggja að börnin fái þá menntun og umönnun sem þeim ber.	Lundur uppfyllir þarfir og möguleika allra barna. Sjá Leiðarljós Lunda bls. 2 í Námskrá Lunda	Skýrsla um eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni barna. Gátlistar og samræður.	Gagnaöflun og greining. lokið í júní 2020	Matsteymi/ stjórnarteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
Mannauður					
Hlutverk leikskólakennara	Að leikskólakennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.	Faglegri vinna starfsmanna í daglegu starfi.	Þemu Lundar ásamt gögnum sem þemun byggja á.	ágúst 2019 til sept. 2020.	Stjórnarteymi
Leikskólabragur					
Velferð og líðan barna.	Horft verði til Stefnu og einkunnarorða leikskólans í Námskrá Lundar. Þau eru: <ul style="list-style-type: none"> • Virðing • Væntumþykja • Vellíðan • Virkni. Byrjað verður á að skilgreina Virðingu og horfa á hvernig hún birtist í Lundi.	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálf. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og hinna barnanna.	Námskrá Lundar Sjálfskoðun: <ul style="list-style-type: none"> • Samskipti starfsmanna. • Samskipti starfsmanna og barna. • Samskipti barnanna. • Samskipti starfsmanna og foreldra. 	Gagnaöflun og greining. lokið í júní 2020.	Matsteymi/ stjórnarteymi

Heimildaskrá:

1. *Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.
Sótt af:
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leisk_vefur.pdf
2. Barnaverndarlög 2002 nr. 80 10. Maí
Sótt af:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>
3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Sótt af:
<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
4. *Námskrá leikskólans Lundar.*
5. Menntastefna Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast*
Sótt af
https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf
6. Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum
Sótt af:
https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf
7. Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla.* Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Sótt af:
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4f5977cd-52a6-11e7-941a-005056bc530c>
8. Björk Ólafsdóttir, Berglind Hansen, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Jónína Konráðsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sigríður Marteindóttir og Sigrún Einarsdóttir 2014. Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af:
https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf
9. Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum
Sótt af:
https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_sjalfsmynd_felagsf.pdf

